



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019
VEL2019110003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum (neyslurými). Þingskjal 372 - 328. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. nóvember 2019, þar sem ofangreint frumvarp var sent til umsagnar hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er það jákvætt skref að heimila með lögum að reka neyslurými fyrir vímuefnanotendur sem nota vímuefni í æð. Þau sjónarmið sem felast í skaðaminnkun eru mjög mikilvæg og nauðsynlegt er að skapa öruggan vettvang fyrir þessa einstaklinga til að koma í veg fyrir aukinn skaða, veikindi og jafnvel dauða viðkomandi.

Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er hér um að ræða eitt form af heilbrigðisþjónustu, þ.e. lágþröskuldaheilsugæslu. Af þeirri ástæðu er því mótmælt sem fram kemur í frumvarpinu um að embætti landlæknis geti einungis veitt sveitarfélögum leyfi til að stofna og reka neyslurými. Rekstur heilbrigðisúrræða er ekki lögboðin skylda sveitarfélaga og því væri hér um grundvallarbreytingu að ræða. Aðstæður á Íslandi eru ekki sambærilegar aðstæðum í þeim nágrannalöndum sem jafnan er horft til, s.s. í Danmörku og Noregi, þar sem grunnheilbrigðisþjónusta er á forræði sveitarfélaganna.

Lagt er til að neyslurými verði rekin af hálfu heilbrigðiskerfisins en í náinni samvinnu við sveitarfélögin. Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er framangreindum hópi einstaklinga veitt þjónusta frá neyðarskýlum á vegum borgarinnar og frá sérstöku teymi starfsmanna, þ.e. vettvangs- og ráðgjafarteymi, sem starfar víðs vegar um borgina. Verkaskipting aðila yrði að vera mjög skýr og verkferlar ítarlegir. Aðkoma heilbrigðiskerfisins að slíkri lágþröskuldaheilbrigðisþjónustu þyrfti að vera af hálfu heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, göngudeildar smitsjúkdóma á Landspítala-háskólasjúkrahúsi og bráðamóttökunnar í Fossvogi.

Í skaðaminnkun vegna vímuefnanotkunar felst m.a. eftirfarandi:

- Nála- og sprautudreifingar.
- Skimanir á HIV, lifrabólgu og kynsjúkdómum.

- Viðhaldsmeðferð, þ.m.t. ávísun lyfja sem eru síður ávanabindandi.
- Varnir gegn ofskömmtnun vímuefna.
- Hreinleika- og innihaldspróf vímuefna.
- Örugg neyslurými fyrir vímuefnanotkun.
- Dreifing smokka og annarra verkfæra til þess að koma í veg fyrir kynsjúkdóma.
- Jafningjafræðsla og tengslamyndun.

Ljóst er af framangreindu að það sem í skaðaminnkun og rekstri neyslurýmris felst fellur að langmestu leyti undir heilbrigðisþjónustu. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er mjög mikilvægt að viðkomandi einstaklingar geti á sama stað fengið þá þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, s.s. félagslega ráðgjöf, húsnæðisaðstoð og stoð- og stuðningsþjónustu eftir því sem við á hverju sinni. Hlutverk sveitarfélaga er að veita þverfaglega þjónustu, eftirfylgd og einstaklingsmiðaða nálgun.

Ef frumvarpið verður hins vegar að lögum í óbreyttri mynd og ábyrgð á tilvist og rekstri neyslurýma verður lögð á sveitarfélög er ljóst að gera verður ráð fyrir fjárframlagi frá ríki til sveitarfélaga til að gera þeim kleift að standa undir rekstrinum. Í greinargerð með því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta Alþingi kom fram að í upphafi ætti að veita 50 milljóna króna styrk til sveitarfélags til reksturs neyslurýmris. Ekkert slíkt kemur fram í því frumvarpi sem nú liggur fyrir velferðarnefnd Alþingis. Ítrekað er að hér er um að ræða þjónustu sem sveitarfélögum er ekki skylt að veita samkvæmt lögum. Ef farin yrði sú leið að semja við sveitarfélög um þjónustuna á grundvelli sérstaks þjónustusamning þar að lútandi er ljóst að af hálfu ríkisins verður að gera ráð fyrir fjárframlagi árlega en ekki einungis stofnkostnaði.

Þá er jafnframt ljóst að setja þyrfti mun skýrari ákvæði varðandi refsíábyrgð og stöðu starfsmanna neyslurýma. Svo veigamikil atriði geta ekki einungis komið fram í greinargerð eða reglugerð. Í því sambandi vill velferðarsvið Reykjavíkurborgar koma því á framfæri að tekið er undir þær athugasemdir sem settar eru fram í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með fyrra frumvarpi, dags. 13. apríl 2019. Ekki verður séð að frumvarpinu hafi verið breytt með hliðsjón af öllum atriðum er þar komu fram en ljóst er að það er gífurlega mikilvægt að frumvarpið sé vandlega unnið hvað varðar þau atriði er tengjast refsiréttarlegum álitamálum.

Samkvæmt framansögðu er lagt til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þar sem enn eru mörg atriði þess óskýr og þurfa nánari skoðunar við. Lögð er áhersla á að við breytingar á frumvarpinu verði haft samráð við þá aðila sem koma munu að veitingu þjónustu í neyslurýmum og er velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilbúið til að koma að þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Helga Jóna Benediksdóttir,
lögfræðingur